

Efnahags- og viðskiptanefnd

Nefndarsvið Alþingis

101 Reykjavík

umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 24. maí 2024

E-2024-136/00.11

Umsögn um frumvarp til laga um Þjóðarsjóð

Vísað er til umsagnarbeiðni frá efnahags- og viðskiptanefnd, dags. 10.05.2024, varðandi endurflutt frumvarp um stofnun Þjóðarsjóðs. Landsvirkjun fagnar því að frumvarp um Þjóðarsjóð hafi verið lagt fram að nýju á Alþingi og styður áform um stofnun hans.

Arðgreiðslugeta Landsvirkjunar hefur á undanförunum árum aukist umtalsvert. Árið 2023 var metafkoma þriðja árið í röð en hagnaður jókst um 19% frá fyrra metári, 2022. Fjárhagsstaða fyrirtækisins hefur aldrei verið betri en eiginfjárhlutfall er nú hærra en nokkru sinni fyrr eða 65,4% og skuldsetning komin niður í 1,4x rekstrarhagnað fyrir afskriftir. Í ljósi þess að árið 2023 var besta rekstrarár í tæplega 60 ára sögu Landsvirkjunar ákvað stjórn Landsvirkjunar, eftir umleitan efnahags- og efnahagsráðherra, að hækka arðgreiðslu í 30 milljarða króna. Samanlagður arður vegna rekstraráranna 2021-2023 nemur nú rúmum 65 milljörðum króna. Arðgreiðslur frá Landsvirkjun eru greiddar til ríkisins í bandaríkjadal.

Þrátt fyrir hækkandi arðgreiðslur undanfarinna ára tekur Landsvirkjun undir umfjöllun í kafla 2.2 í greinargerð frumvarps, hvað varðar þá staðreynd að fyrirtækið starfar á alþjóðlegum samkeppnismarkaði og munu ytri aðstæður og þróun markaða óhjákvæmilega hafa áhrif á afkomu komandi ára og væntanlegar arðgreiðslur. Landsvirkjun er sammála því að skynsamlegt sé að arðgreiðslutekjur verði ekki nýttar eins og hver annar tekjustofn til þess að standa undir reglubundnum ríkisútgjöldum og rennir það enn styrkari stoðum undir áform um Þjóðarsjóð.

Ísland hefur fullgilt Parísarsamning Sameinuðu þjóðanna og skuldbundið sig til að leggja sitt af mörkum til að markmiðum samningsins um að takmarka áhrif loftslagbreytinga verði náð. Ísland er eitt af fáum löndum í heiminum sem vinna allt sitt rafmagn úr endurnýjanlegum orkugjöfum og mun Þjóðarsjóður, meðal annars með arðgreiðslum Landsvirkjunar, byggja á tekjum af endurnýjanlegum orkuauðlindum. Landsvirkjun fagnar því að í greinargerð með frumvarpinu sé tekið fram að græn skuldabréf eða sjóðir samsettir úr þeim fái tiltekið vægi í eignasafni Þjóðarsjóðs. Landsvirkjun vill nýta tækifærið og hvetja til þess að áhersla verði lögð á græna og sjálfbærnitengda eignaflokka í fjárfestingastefnu sjóðsins.

Að lokum vill Landsvirkjun ítreka stuðning sinn við stofnun Þjóðarsjóðs. Fyrirtækið er að sjálfsögðu reiðubúið til að veita upplýsingar og aðstoða stjórnvöld við frekari undirbúning málsins verði eftir því leitað.

Virðingarfyllt,

Hörður Arnarson

Forstjóri Landsvirkjunar